

HANDVERK OG HÖNNUN


í Ráðhúsi Reykjavíkur
14. til 18. maí 2015

Niðurstöður viðhorfskönnunar maí 2015

Hér birtast niðurstöður könnunar sem gerð var meðal þátttakenda í sýningunni
HANDVERK OG HÖNNUN Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR sem haldin var dagana 14. til 18 maí 2015.
Könnunin var framkvæmd dagana 22. maí – 5. júní 2015.


Svörun var afar góð eða **95%** en alls svaraði 39 af 41 þátttakanda könnuninni.

1. Sýningin Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur var nú haldin í þrettánda sinn. Hve oft hefur þú tekið þátt?



■ Var að taka þátt í fyrsta sinn. ■ Hef tekið þátt 2 til 5 sinnum ■ Hef tekið þátt oftari en 5 sinnum


2. Hver er ávinningur þinn af þátttöku í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur?



* Ef annað, þá hvað?


Að sjá og njóta þess sem aðrir eru að gera.

3. Finnur þú fyrir auknum áhuga á vörum þínum í kjölfar sýningarinnar í Ráðhúsinu?




4. Framboð vöru.

Hakaðu í það sem við á




- Ég er með meirihluta af mínum vörum í sölu allt árið á einum eða fleiri sölustað
- Ég sé nær eingöngu um sölu sjálf/ur (á vinnustofu, eigin vefverslun, markaðir og sýningar)
- Vil ekki svara

5. Á sýningunni lagði ég áherslu á að kynna nýjar vörur.



- Já
- Nei
- Á ekki við

6. Mikil áhersla var lögð á að þátttakendur hefðu frumkvæði að því að kynna sýninguna. Hvað gerðir þú til að kynna þig og sýninguna?




*Ef annað, þá hvað?
- Var boðið í viðtal í sjónvarpi
- Talaði beint við fólk og lét vita af sýningunni.

7. HANDVERK OG HÖNNUN hefur kynnt sýninguna á ákveðinn hátt undanfarin ár, þ.e. með kynningarbæklingi sem dreift er í 87.000 eintökum með pósti, markvissri kynningu á opnum samfélagsmiðlum (Facebook, Twitter, Instagram), rafrænu boðskorti og fréttatilkyningum í fjölmiðla. Einnig hefur heimasíðukynning á þátttakendum farið í loftið mánuði fyrir sýninguna. **Hefur þú hugmyndir um nýjar leiðir í kynningarmálum?**


- Ljósvakamiðlar
- Það kom leiðsögumaður og sagði að það vantaði betri merkingar fyrir utan ráðhúsið, sem vísaði fólk beint inn, það virtist sem að ekki allir hafi áttað sig á því að það væri sýning sem öllum væri opin. kannski mætti láta leiðsögumenn vita.
- Koma þessu að í sjónvarpi. Kynningar ættu hiklaust að geta farið fram á vídeóformi og birta þá bæði í sjónvarpi og á vefnum. Komnar fullt af nýjum sjónvarpsstöðvum, nýta þær.
- Sjónvarps og útvarps auglýsingar og viðtöl
- Kaupa heilsíðu auglýsingu í t.d. Fréttablaðið og óska eftir viðtali í leiðinni, sama með sjónvarp.
- Held að bæklingurinn skili sér ekki nógu vel.
- Væri hægt að vera með einhvers konar happdrætti. að allir sýnendur sem vilja getið gefið einn hlut og svo hægt að nota það til að vekja áhuga á sýningunni. Veit ekki hvort það sé góð leið, hef ekki prófað það sjálf, en hugmynd.
- Samvinna meira sjónrænt við fjölmiðla t.d. menningarþætti/sýningar.
- Strætóbiðskýli í miðborginni yfir sýningartímann, nær bæði til ferðamanna og Íslendinga.

8. Unnið er markvisst að því að markaðssetja sýninguna fyrir erlenda ferðamenn. Kynningarefni var sent á ferðaskrifstofur á Norðurlöndunum og Bretlandi sem skipuleggja ferðir til Íslands. Sýningin er skráð inn á alla viðburðavefi fyrir ferðamenn í Reykjavík með góðum fyrirvara. Einnig voru prentuð auglýsingaspjöld á ensku sem dreift var í upplýsingamiðstöðvar og á hótél í Reykjavík.

Voru erlendir ferðamenn meðal viðskiptavina þinna á sýningunni?




9. Virðisaukaskattur




- Ég borga virðisaukaskatt af öllum mínum vörum
- Ég borga virðisaukaskatt af hluta af mínum vörum
- Ég er undir viðmiðunarmörkum skattayfirvalda og þarf því ekki að borga virðisaukaskatt
- Ég borga ekki virðisaukaskatt þar sem vörurnar mínar eru ekki virðisaukaskattskyldar
- Vil ekki svara

10. Hefur þú áhuga á að sækja aftur um að taka þátt í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur?



11. Búseta



12. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?

- Er alltaf að ná betri tókum á sýningunni og finnst þetta besti "glugginn" til að sýna nýjungar, takk fyrir mig
- Takk fyrir mig :)
- Væri gott að leggja áherslu á að allir sem eru með þannig vörur sem fólk vill máta, að vera með spegil. Ekki alveg nógu gott að fólk sem er að skoða vörur úr næsta bás, sé að skoða sig í speglinum hjá þér. Það lokar og teppir umferð á básinn.
- Kærar þakkir, mér finnst virkilega vel að öllu staðið, og gott að leita til ykkar ef manni vantar einhverjar upplýsingar.
- Ég vil gjarnan fá að vita hver var meðal salan á þessari sýningu og þá líka í samanburði við fyrri sýningar. Heyrði á sumum söluaðilum að það væri færri fólk (viðskiptavinir) núna en áður.
- Flytja sýninguna í stærra húsnæði.
- Takk fyrir vel skipulagða sýningu. Þið eruð frábærar.
- Frábært að vera á sýningunni, allt til fyrirmyndar sem snéri að mér. Gott að fá aðgengi að góðum heimilismat og kaffi á góðu verði. Eitt pínu undarlegt fyrir gesti að kaffihús var ekki alltaf opið en það finnst mér skipta máli fyrir þá.
- Frábær markaður, allt virkaði mjög vel og allar upplýsingar voru góðar. Kaffihúsið í Ráðhúsinu var ekki nógu gott varðandi opnunartíma, afgreiðsluhraða of fleira en það er ekki undir skipuleggjendum sýningarinnar veit ég. :)
- Frábær sýning og tækifæri til að kynna það sem maður er að gera. Virkilega vel að öllu staðið :)
- Miklar þakkir, frábærlega vel staðið að sýningunni og vel hugsað um þátttakendur.
- Skekkja í verðum vegna þess að sumir greiða vsk og aðrir ekki. ...
- Heyrði marga gesti kvarta yfir að kaffihúsið var ekki opið á sama tíma og sýningin. Eldra fólk sem ætlaði að fá sér kaffi kom að lokuðum dyrum.
- Takk fyrir!
- Reglur varðandi sýningaraðila:
Þátttakendur styrkja stöðu sína með því að geta tekið þátt tvisvar sinnum í röð...
Þátttakendur megji ekki vera í „áskrift“ sem þátttakendur, gera reglur varðandi tíðni og hlé á milli.
Nauðsynlegt að skapa fjölbreytni og samkeppni...
- Takk ;)
- Mér fannst sýningin í ár meirihattar flott og vel staðið að öllu. Takk fyrir mig.
- Flott umgjörð og vel heppnuð sýning. Takk fyrir. :)
- Þakklæti fyrir að fá að vera með :-)
- Mjög vel að þessu staðið og flott sýning!
- Í spjalli við nokkra sýnendur kom sú umræða að kannski mætti opna aðeins fyrr á fimmtudeginum en hafa opnunartímann hina dagana frá 11 – 18
- Það væri gaman að fá meiri umfjöllun hjá ykkur sérstaklega fyrir þá sem nýir eru. Annars var þetta ótrúlega flott og skemmtileg sýning!

KÆRAR ÞAKKIR FYRIR ÞÁTTTÖKUNA!